

Viðmiðunartekjur sem notaðar eru við útreikning á lífeyri og tengdum bóta eru skattskyldar tekjur svo sem atvinnutekjur, lífeyrissjóðstekjur og fjármagnstekjur, en þó eru á því undantekningar. Þær tekjur, sem ekki eru teknar með eru lífeyrir og tengdar bætur frá Tryggingastofnun, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og úttekt á séreignarlífeyrissparnaði.

Auðvelt er að setja forsendur inn í **reiknivél lífeyris á tr.is** eða bráðabirgðaútreikning á **tryggur.is** til að skoða áhrif tekna á greiðslur. Mælt er fyrir um tekjutengingar lífeyris í lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 og lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007. Heimildir til frádráttar frá ákveðnum tegundum tekna við útreikning viðmiðunartekna er mismunandi eftir bótaflokkum sbr. töflu 1.

Tafla 1. Hvað má hafa í tekjur án þess að það hafi áhrif á útreikning*1

Taflan sýnir frítekjumörk árstekna	Ellilífeyrisþegar	Örorku- og endurhæfingar- lífeyrisþegar
Tegund tekna	Tekjutrygging heimilisuppbót	Tekjutrygging heimilisuppbót
Atvinnutekjur	480.000	1.315.200
Lífeyrissjóðstekjur	120.000	328.800
Fjármagnstekjur, t.d. vextir, verðbætur, söluhagnaður og leigutekjur	98.640	98.640

Aðeins þeir sem fá greiddan lífeyri geta fengið greidda tekjutryggingu, heimilisuppbót og aðrar uppbætur.

Búseta erlendis getur lækkað greiðslur lífeyris og tengdra bóta.

Þegar búið er að reikna út viðmiðunartekjur eru þær notaðar til að ákvarða upphæðir bóta sbr. töflu 2.

Tafla 2. Helstu upphæðir sem miðað er við við útreikning lífeyris og tengdra bóta

Réttindi	Mán.gr.	Frítekjumörk		Greiðslur falla niður	
		kr.	ár	mán.	ár
Ellilífeyrir					
Ellilífeyrir /grunnlífeyrir	32.775	2.575.220	214.602	4.148.420	345.702
Tekjutrygging	103.427	0	0	2.986.596	248.883
Heimilisuppbót	30.480	0	0	2.758.371	229.864
Örorku-/endurhæfingarlífeyrir					
Örorku- og endurhæfingarlífeyrir /grunnlífeyrir	32.775	2.575.220	214.602	4.148.420	345.702
Aldurstengd örorkuuppbót 100%	32.775	2.575.220	214.602	4.148.420	345.702
Tekjutrygging	104.957	0	0	3.078.396	256.533
Heimilisuppbót	30.480	0	0	2.798.470	233.206
Annað					
Framfærsluviðmið ^{*1} þyr ekki einn	174.946				
Framfærsluviðmið ^{*1} þyr einn með heimilisuppbót	203.005				
Örorkustyrkur (18 til 61 árs)	24.230	2.575.220	214.602	4.125.940	343.828
Örorkustyrkur (62 til 66 ára)	32.775	2.575.220	214.602	4.148.420	345.702
Uppbót á lífeyri ^{*2} - 5 til 140% af lífeyri				2.400.000	200.000
Uppbót v/reksturs bifreiðar	12.115				
Vasapeningar	46.873	0	0	865.348	72.112

Hlutfall frádráttar eftir að frítekjumörkum er náð er mismunandi eftir greiðslutegundum, sbr. **töflu 3**.

Tafla 3. Tegundir lífeyris	Frádráttur
Ellilífeyrir, örorku- og endurhæfingarlífeyrir (lífeyrir)	25%
Aldurstengd örorkuuppbót er fast hlutfall af örorkulífeyri og miðast við aldur við fyrsta örorkumat	
Tekjutrygging: Viðmiðunartekjur lífeyris upp að 2.575.220 kr.	45%
Tekjutrygging: Viðmiðunartekjur lífeyris yfir 2.575.220 kr.	20%
Heimilisuppbót ellilífeyrisþega	13,26%
Heimilisuppbót örorkulífeyrisþega	13,07%
Vasapeningar	65%

Tekjur maka, aðrar en fjármagnstekjur sem eru alltaf sameiginlegar, hafa ekki áhrif á réttindi almannatrygginga. Helmingur fjármagnstekna hjóna / sambúðarfólks hefur áhrif á útreikning hjá hvoru fyrir sig.

^{*1} **Framfærsluviðmið (Sérstök uppbót til framfærslu):** Ef allar tekjur, að meðtöldum skattskyldum tekjum frá Tryggingastofnun, eru undir framfærsluviðmiði er það sem upp á vantar greitt sem sérstök uppbót til framfærslu. Við útreikning sérstakrar uppbótar skal ekki taka tillit til uppbóta á lífeyri, uppbótar vegna reksturs bifreiðar, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og eingreiðslna frá Tryggingastofnun.

^{*2} **Uppbót á lífeyri** getur verið 5 til 140% af lífeyri. Allar tekjur, að meðtöldum skattskyldum tekjum frá Tryggingastofnun öðrum en aldurstengdri örorkuuppbót, hafa áhrif á útreikning.